

Dagsetning
27.05.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, mál 1.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Hlutafélaginu fær afar víðtækt hlutverk í endurskipulagningu íslensks atvinnulífs og stjórn þess fær væntanlega það vandasama verkefni að skilgreina hvaða fyrirtæki teljist þjóðhagslega mikilvæg. Vegna þessa víðtæka hlutverks telur stofnunin skynsamlegt að Alþingi skipi því stjórn fremur en ráðherra.

Byggðastofnun telur að ekki sé hægt að meta áhrif frumvarpsins á byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni, fyrr en ljóst er hvaða fyrirtæki lenda í eigu hlutafélagsins. Hins vegar getur endurskipulagning og sala fyrirtækja orðið gagnsærri og samræmdari í félagi sem stofnað verður með þessum hætti, en ef endurskipulagning er í höndum stjórna einstakra lánastofnana. Einnig er mögulegt að félag í eigu ríkisins gæti betur að samkeppnisstöðu fyrirtækja, við fyrirtæki í hliðstæðum rekstri. Lánastofnanir ættu síðan að geta einbeitt sér að bankastarfsemi á viðskiptalegum forsendum.

Ef vilji er til þess að hafa hliðsjón af byggðasjónarmiðum er það væntanlega auðveldara hjá slíku félagi, en einstökum lánastofnunum.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar